

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar á Miklaholti úr landi Ölvisholts í fyrrum Hraungerðishreppi.*
Gert er ráð fyrir nýju allt að 250 m² frístundahúsi og allt að 200 m² hesthúsi/skemmu á 48,3 ha landspildu sem skipt hefur verið út úr jörðinni Ölvisholti. Á landinu er þegar til staðar 77,4 m² frístundahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2007.
2. *Deiliskipulag tveggja frístundalóða úr landi Breiðholts, í fyrrum Villingaholtshreppi.*
Gert er ráð fyrir tveimur frístundalóðum þar sem heimilt er að byggja allt að 150 m² frístundahús á hvorri lóð.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. ágúst 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2007